

Mál nr. 13

Hvöt gegn KA

Kæra Hvatar Dómkröfur

Að Hvöt verði dæmdur 0-3 sigur, en leikurinn endaði 1-1.

Málavextir

KA notaði ólöglegan leikmann í 4.fl. kvk. 7. E-riðli mánudaginn 18. ágúst. Við vitum allavega um einn leikmann sem lék ólöglega og kannski voru þeir fleiri. Ágústa hafði leikið næsta leik á undan með 11 manna liði KA í 4.fl. kvk.

Tilvísun

35.2 Íslandsmót. 7 manna lið n.t.t grein 35.2.3. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem höfðu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.

Röksemdir

Leikmaður hafði spilað með 11 manna liði KA í 4.fl. kvk A-lið E riðill. Leikurinn fór fram sun. 20. júlí.

Sönnunargögn

Leikskýrsla frá leik Fjarðarbyggð/Leiknir-KA (tekið af vef ksi.is)

Vitni

Nafn: Brynhildur Erla Jakobsdóttir (þjálfari)

Kennitala: 240777-3559

Heimilisfang: Garðabyggð 18

Virðingarfyllst

f.h. Hvöt

Vignir Björnsson

Greinargerð KA

Varðar leik KA – Hvatar í í 4. fl. kvenna – 7 manna lið á KA-vellinum 18. ágúst 2008

Mánudaginn 18. ágúst 2008 fór fram á KA-vellinum á Akureyri leikur KA og Hvatar á Blönduósi í 7 manna knattspyrnu í 4. flokki kvenna. Leiknum lyktaði með jafntefli 1-1. Forráðamenn Hvatar hafa í kjölfarið kvartað yfir því að KA hafi í þessum leik notað ólöglegan leikmann – Ágústu Kristinsdóttur kt. 300494-2509 – sem er byrjunarliðsmaður í A-liði KA í 4. flokki kvenna.

Undirritaður hefur í kjölfarið kannað málavöxtu og samkvæmt samtali við þjálfara KA í 4. flokki var nefndur leikmaður notaður í leiknum – í góðri trú. Þjálfarinn kveðst hafa spurst

fyrir hjá KSÍ fyrr í sumar um not á leikmönnum í 7 manna liðið og í ljósi þeirra upplýsinga taldi hann sig vera í fullum rétti að nota téðan leikmann.

Nú hefur komið í ljós að þarna hefur greinilega orðið alvarlegur misskilningur á milli manna og leikmaðurinn var ólöglegur með nefndu 7 manna liði. Það harmar undirritaður mjög, enda er það prinsípmaal hjá yngriflokkastarfi og knattspyrnudeild KA að nota aldrei leikmenn í leik ef einhver minnsti vafi leikur á því að hann sé löglegur með liðinu og ég minnst þess ekki, í það minnsta ekki í þau ár sem undirritaður hefur komið að yngriflokkastarfi KA, að þetta hafi áður gerst.

Mér þykir einboðið að dæma Hvöt 3-0 sigur í téðum leik, enda er nú ljóst að KA hafði í sínum röðum ólöglegan leikmann. En eins og að framan greinir var hann notaður í góðri trú. Það hefði ekki hvarflað að okkur að nota leikmanninn í liðinu í 7 manna liðinu ef minnsti vafi hefði leikið á að hann væri löglegur.

Í þessu ljósi óska ég eftir því að KSÍ felli niður sektargreiðslu á yngri flokka KA vegna ólöglegs leikmanns.

Virðingarfyllst,

Óskar Þór Halldórsson
Form. yngriflokkaráðs KA í knattspyrnu

Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2008, þriðjuudaginn 26. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum og Sigurði I. Halldórssyni, Presti Ríkarðssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 13/2008:

Knattspyrnudeild Hvatar
gegn
Knattspyrnudeild KA.

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Hvatar, kt. 650169-6629,
Melabraut 2,
Blönduósi.
Fyrirsvarsmaður: Vignir Björnsson.

Kærði:

Knattspyrnudeild KA., kt. 700169-4219
Dalsbraut,
Akureyri.
Fyrirsvarsmaður: Óskar Þór Halldórsson

Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 19. ágúst sl. Ákveðin var flýtimeðferð málsins og var kærða gefinn frestur til að skila greinargerð til 22. ágúst sl. Greinargerð kærða er dagsett 19. ágúst sl.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að Knattspyrnufélaginu Hvöt verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna í Íslandsmóti kvenna 4. flokki E-riðils 7 manna liða sem fram fór þann 18. ágúst sl..

Í greinargerð kærða kemur fram viðurkenning á að hafa notað ólöglegan leikmann, sem kærði harmar og bendir á að misskilnings hafi gætt hjá þjálfara liðsins.

Kærði telur einsýnt að Hvöt verði dæmdur 3-0 sigur í umræddum leik. Að lokum vill kærandi koma því á framfæri að KA kappkosti að virða allar leikreglur og fer þess á leit að sektartgreiðslur verði felldar niður.

II.**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Málavextir eru þeir að í leik liðanna sem fram fór á KA velli þann 18. ágúst sl. í Íslandsmóti kvenna 4. flokki E-riðli 7 manna liða var lið kærða KA m.a. skipað leikmanni sem hóf leik með A liði í 4. flokki E-riðils 11 manna liða félagsins í næsta leik A liðsins á undan umræddum leik.

III.**Niðurstaða:**

Í máli þessu liggur fyrir að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Í gr. 35.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er fjallað um Íslandsmót 7 manna liða og þar segir nánar í gr. 35.2.3segir:

“Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni”.

Um ólöglega skipað lið er fjallað í 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og í gr. 40.1 segir:

“Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafiverið stærra, þá skal sú markatala ráða. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000.”

Svo sem að framan er rakið er óumdeilt að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Þá þykir rétt að beita kærða sekt sem þykir hæfilega ákveðin kr. 10.000,-

Samkvæmt framanrituðu telst Knattspyrnufélagið Hvöt hafa unnið leikinn 3-0 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 5.000,- til KSÍ.

IV..

Úrskurðarorð:

Knattspyrnufélagið Hvöt telst hafa unnið leik gegn KA í Íslandsmóti kvenna 4. flokki E riðls 7 manna liða sem fram fór 18. ágúst 2008 á KA velli með markatölunni 3-0. Knattspyrnudeild KA ber að greiða sekt að fjárhæð kr. 5.000,- til KSÍ.

Sigurður I. Halldórsson

Þróstur Rikharðsson

Helgi R. Magnússon

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.